



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 8. apríl 2021

Efni: Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar nr. 42/1987. 605. mál.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (hér eftir „samtökin“) fengu til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar nr. 42/1987, 605. mál. Brottfall laganna felur í sér að virðisaukaskattur er felldur burt úr mælingu vísitölnunnar, til samræmis við framkvæmd á öðrum Norðurlöndum, og að notast verður við launarannsókn Hagstofu Íslands í stað upplýsinga úr launatóxtum í iðnaði.

Samtökin fagna frumvarpinu. Byggingarvísitala sem er reiknuð með virðisaukaskatti er í reynd vondur mælikvarði á byggingarkostnað. Núverandi fyrirkomulag hefur margsinnis haft óæskileg áhrif á verksamninga í mannvirkjagerð þegar breytingar verða á virðisaukaskattinum nú síðast þegar endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingarframkvæmdir var hækkuðu úr 60% í 100% en um var að ræða hluta af ráðstöfunum sem stjórnvöld gripu til til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum COVID-19.

Þar sem verksamningar í mannvirkjagerð eru í flestum tilvikum verðtryggðir út frá þróun byggingarvísitölnunnar er þó mikilvægt að huga vel að innleiðingarferli á nýrri aðferðarfræði þar sem þeir verksamningar sem í gildi verða við breytinguna verða áfram að styðjast við eldri útreikninga á vísitölnunni. Þá benda samtökin einnig á að í dag eru allir verksamningar bundnir við umrædda byggingarvísitölu óháð því hvort um húsnæðisuppbyggingu eða innviðaupbyggingu er að ræða. Æskilegt væri að vera með fleiri vísitölur á sviði mannvirkjagerðar.


Samtökin vilja benda á að gagnsæi þarf að ríkja þegar kemur að grunnnum vísitala og aðferðarfræði við útreikning, en skortur er á því í dag. Vilja samtökin í því sambandi benda á að þegar litið er á þróun gengisvísitölnunnar og innflutt efni í byggingarvísitölnunni má sjá að sögulega hefur verið góð fylgni á milli þessara stærða. Á síðustu misserum virðast þó gengisbreytingarnar ekki skila sér inn í byggingarvísitöluna með sama hætti og eðlilegt væri. Þar sem byggingarvísitalan er notuð til verðtryggingar í samningum verktaka og verkkaupa, hefur töfin við að gengisbreytingarnar skili sér orðið til þess að greiðslur hafa ekki tekið þeim verðbreytingum sem kostnaðarliðir verktaka eru að taka vegna gengislækkunar krónunnar. Þetta hefur talsverðan kostnað í för með sér fyrir verktaka. Samtökin kalla því eftir gagnsæi




Þegar kemur að vinnu Hagstofunnar við útreikning vísitölnunnar og endurskoðun á þeim grunnnum sem notast er við við útreikningi hennar.

Samkvæmt frumvarpinu falla lögin úr gildi 1. janúar 2022. Samtökin vilja áréttta mikilvægi þess að tíminn fram að því verði vel nýttur við undirbúning innleiðingar á nýrri vísitölu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Heiðrún Björk Gísladóttir,
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði